

síður þegar hann fer með hana reiður frá föður hennar, eða þegar gamli maðurinn leitar aftur á náðir hans.

Skyldutilfinningin fyrir því að hann eigi að liðsinna tengdaföður sínum, föður konunnar sinnar, er hann elskar svo mjög, á harða og langa orustu í huga hans við aðra skyldu, drengskaparloford hans, því hann hefir svarið það, að veita honum enga hjálp fyrri en hann hafi fallið á kné frammi fyrir honum eins og Klara varð að gjöra frammi fyrir föður sínum forðum. Þetta leikur Árni svo vel að fáir myndu feta þar í fótspor hans.

Gunnþórunn Halldórsdóttir leikur og ágætlega, einkum skóarasveininn, sem er þó ekki hægðarleikur fyrir kvenmann. Strákurinn á að vera svo undur glettnis- og hrekkjalegur á svipinn þegar hann er að tala við húsbónda sinn, og það tekst Gunnþórunni mjög vel.

Þá er Þóra Sigurðardóttir, hún leikur mjög vel, einkum þegar hún á að sameina angurbliðu og gremju; það fer henni ágætlega, t. d. þegar hún ætlar að fá Leopold bróður sinn til þess að láta karlinn hætta við að reka fátækan leiguliða út á klakann; hún er gröm yfir hörku föður síns, en ætlar að vinna bróður sinn með bliðu, og sama er að segja þegar hún fréttir að maður hennar hafi rekið Mörup út á vinnustofuna. Þá vakna í huga hennar gamlar minningar frá því að faðir hennar rak hana burt, og það skapar gremjuna, en aftur á móti rennur blóðið til skyldunnar; hún kennir í brjósti um föður sinn, sem orðið hefir að reyna hverflyndi hamingjunnar og þessar tilfinningar samblandar fara henni einkar vel. Ekki þarf að taka það fram, að Stefánía leikur ágætlega, hún gjörir það altaf.

Þurður Sigurðardóttir fer vel með sitt hlutverk. Hún er fyrst glöð og áhyggjulaus vinnukona, sem lætur sér ekki alt fyrir brjósti brenna; svo trúlofast hún og giftist, en litlar tilfinningar virðast vera því samfara. Það sýnist svo sem skeyti Amors hafi ekki gengið djúpt inn í hjarta hennar; en þar á móti er hún öll í búskapnum; hún er forsjál og hugsunarsöm, en ekki viðkvæm eða kvenleg. Svona leikur hún og svona á hún að leika; henni tekst það mjög vel.

Ég gat þess fyrir skömmu að mér hefði þótt Sigurður Magnússon leika ekki sem náttúregast. Öll hin blöðin hafa tekið í annan streng, en ég sé ekki betur en Dagskrá hafi þar á réttu að standa. Það er næsta ótrúlegt og ónáttúrulegt, að önnur eins stúlka og Emma á að vera, verði ástfanginn í manni, sem ekki er nettari í framgöngu; mér finst það alveg óhugsandi.

Með þessu er það alls ekki sagt, að Sigurður leiki ekki vel, hann leikur altaf vel, en í þetta skifti hefði honum getað tekist betur; af þeim, sem mikið er lánad, verður mikið heimtað. Hinir leikendurnir eru tilkomuminni; þó leika þeir sumir laglega, svo sem Friðfinnur Guðjónsson.

Mánadagur.

Norðaustan kaldi og frost fram

eftir deginum, gekk þá í suður og hvesti nokkuð.

Þriðjídagur.

Sunnankaldi og hláka.

Maður fótbrotnaði í glímuæfingu, er Þórður hét Erlendsson að austan. Hann er einn af nemendum Alþýðuskólans.

Miðvikudagur.

Sunnanstormur og rigning meiri hluta dags.

Ný verzlun byrjaði hér í bænum; hún er uppi í latínuskóla. Rektor selur þar nemendum »frí«, en það eiga þeir að borga með „stillingu“. Þess háttar skifti eru dálítið einkennileg.

Fimmtidagur.

Suðvestan stormur og eljagangur, lítið frost.

Dýraverndunarfélagið hélt fund í húsi kaupm. W. Ó. Breiðfjörðs. Í dómnefnd voru þeir kosnir: Magnús Einarsson dýralæknir, Tryggvi Gunnarsson bankastjóri; Sighvatur Bjarnason bankabókari, Ólafur Ólafsson bæjarfulltrúi og B. H. Bjarnason kaupm. Nefnd þessi á að skera úr því, hvað teljast skuli ill meðferð á skepnum, et félagsmenn eiga hlut að máli, og ákveða sektir á hendur þeim, er sekir verða.

Stjórninni falið að skora á bæjarstjórnina að láta framfara rækilega hrossasmölun til þess að komast eftir, hvort ekki séu hér aðkomuhross án húss og nægilegrar hirðingar. Þrír menn kosnir í nefnd til þess að sjá um, að frumvarp verði samið og lagt fyrir næsta þing, er ákveði nákvæmar en nú er, hvað talin skuli ill meðferð á skepnum og hvað við liggir. Kosnir voru þeir: Tryggvi Gunnarsson, Ólafur Ólafsson og W. Ó. Breiðfjörð. Stjórninni falið að skrifa öllum dýraverndunarfélögum öðrum, og fá þau til að gjöra eitthvað í sömu átt.

Föstudagur.

Suðvestan kald; Kafaldsél öðru hvoru, lítið frost.

Kom kolaskip til Fischersverzlunar, er legið hafði í Keflavík og Hafnarfirði nokkra daga.

Stúdentafélagið hélt veizlu í Iðnaðarmannahúsinu til heiðurs Þorláki biskupi hinum helga. Voru þar sungin tvö kvæði og fluttar margar ræður.

Dánir eru tveir merkisbændur í Miðdölum: *Sumarláði Jónsson* á Breiðabólstað, um fimtugt og *Benedikt Þórðarson* á Svínhóli, liðlega þrítugur. Þeir voru báðir í röð allra fremstu bænda þar í héraði og er að þeim mannskaði mikill.

Ofsarak gjörði á Seyðisfirði 14. nóv. af suðvestri. Bátar flugu í loft upp, þök fuku af húsum, hey fauk á Dvergasteini, vörugymsluhús Gránufélagsins skektist á grunni og særtekið var svo mikið að nam við hæstu fjöll.

Gufuskipið „Alpa“, sem strandaði á Hornafirði í fyrra, hefir nú náðst út. Tulinius kaupmaður keypti það fyrir 1000 kr. og ætlar að senda það út til viðgjörðar.

Nahveli hljóp á land á Hringversreka á Tjörnesi 22. f. m. Var um 7 álnir á lengd og ákaflega feitt, en tönnin alt að þrem álnum.

Ætti „náttúrusafnið“ að leggja drögur fyrir tönnina, áður en hún verður send til Danmerkur.

Er það rétt af kaupmönnum bæjarins, að panta ekki nauðsynjavörur landsmanna upp til landsins fyr en svo seint að þær hafa hækkað mjög í verði, svo almenningur á mjög erfit með að kaupa þær, t. d. eins og kolin núna, sem flutt voru hingað til bæjarins og eru seld hér fyrir 5 krónur skpd., sem þykir geypiverð, þar sem kol frá Dysart í Skotlandi kostuði í næst síðastliðnum mánuði 6 shillings tonnið (87 aura skpd.) þar á staðnum

Hafa kolin hækkað í verði ytra? eða er flutningur á þeim orðinn dýrari en áður? Hver ráð eru til þess að kaupmenn hér etir hugsi meira um velferð þjóðarinnar? — Svar næst.

LESID!

ÞAÐ BORGAR SIG.

Hjá undirrituðum er úr talsverðu að velja, af mínum góðkunna skófatnaði.

Gott efni, góð vinna.

Sömuleiðis er pantaður skófatnaður smíðaður nákvæmlega eftir máli.

Enn fremur allar aðgjörðir **fljótt og vel** af hendi leystar.

Þeir, sem enn ekki hafa fengið sér skó til jóllanna, komi sem fyrst og **semji við mig**. Ég gef háar **prosentur til nýárs mót** borgun út í hönd.

Þeir, sem ekki hafa peninga, geta fengið skó, eða skóviðgjörðir móti innskrift.

Virðingarfylst.

Vilhjálmur Kr. Jakobsson.
(Austurstræti 5.).

Lífsábyrgð fyrir börn.

Lífsábyrgð sú, sem hér er um að ræða, er stofnuð fyrir nokkrum árum af lífsábyrgðarfélaginu „Star“, og er það sú lífsábyrgðartegund, er sýnist munu verða mest notuð framvegis.

Hér skal bent á **aðalkosti** þessarar lífsábyrgðartegundar.

I. Árlegt iðgjald er ekki nema $\frac{1}{2}$ — $\frac{1}{3}$ af því, sem fullorðið fólk borgar.

II. Fyrir börn þarf ekkert **læknisvottorð**, sem stundum hefir í för með sér, að menn ekki fá trygt líf sitt.

III. Lífsábyrgðin er laus við hinar venjulegu takmarkanir og skilyrði, þannig, að

- Ábyrgðareigandi má ferðast og **dvelja hvarsem vera skal** á hnettinum, án þess að gera félaginu grein fyrir því.
- Ábyrgðareigandi má **stunda sjómennsku** og hverja aðra atvinnu, án þess að iðgjald hans hækki.

Sem **ellistyrkur** er lífsábyrgð þessi einkar hagfeld.

Kaupi maður t. d. barni á fyrsta

ári lífsábyrgð til útborgunar þegar það er 55 ára, er árlegt iðgjald **12 kr.**

Borgi ábyrgðareigandi þetta sama iðgjald í 50 ár, hefir hann borgað út **604 kr.** en þá mundi ábyrgðin með viðlögðum „bonus“ vera orðin **1500—1600 kr.**

Vilji ábyrgðareigandi verja „bonus“ til þess að lækka iðgjöldin, hverfa þau smámsaman alveg og hann á ábyrgð sína sér að kostnaðarlausu, en getur eftir þann tíma fengið „bonus“ lagðan við, eða þá borgaðan jafnóðum.

Þegar ábyrgðareigandi er fulls 21 árs, öðlast ábyrgð hans eiginlegt gildi og nýtur eftir þann tíma allra réttinda félagsins um uppbót, lántöku, endurkaupsgildi o. s. frv.

Deyi ábyrgðareigandi fyrir þann tíma, eru iðgjöldin endurborguð foreldrunum eða þeim, sem hafa trygt líf barnsins.

Ef allir hér á landi, sem með góðum vilja hafa efni á því, vildu tryggja líf barna sinna, mundu ekki líða margir mannsaldrar áður landsmenn ættu lífsábyrgðir, sem svaraði þúsund krónum á mann, en það væri sama sem að árlega borgaðist inn í landið **1,750,000 kr.** með sama fólksfjölda og nú er.

NÝTT TÍMARIT

Fríkirkjan. Mánaðarrit til stuðnings frjálsri kirkju og frjálslyndum kristindómi, byrjar að koma út 1. jan. 1899. Útg. *Lárus Halldórsson, fríkirkjuprestur*. Blaðið verður að starð eins og Kirkjublaðið var, og með myndum. Verð 1 kr. 50 au. Fæst hjá öllum útsölumönnum bóksalafélagsins. Kaupendur gefi sig fram sem fyrst.

Fineste Skandinavisk Export

Kaffe Sorrogat.

F. Hjort & Co.

Kjöbenhavn K.

KÍNA-LÍFS-ELIXÍR.

Vottorð.

Ég hef lengst æfi minnar verið mjög veikur af sjósótt, en hef oft orðið að vera á sjó í misjöfnu sjóvedri; kom mér því til hugar að brúka Kína-lífs-elixír herra Valdemars Petersens í Friðrikshöfn, sem hafði þau áhrif, að ég gat varla sagt, að ég fyndi til sjósóttar, þegar ég brúkaði þennan heilsusamlega bitter. Vil ég því ráðleggja öllum, sem eru þjáðir af veik þessari, að brúka Kína-lífselixír þennan, því hann er að minni reynzlu áreiðanlegt sjósóttarmedal.

Sóleyjarbakka.

Br. Einarsson.

KÍNA-LÍFS-ELIXÍRINN fæst hjá flestum kaupmönnum á Íslandi.

Til þess að vera viss um, að fá hinn ekta Kín-lífs-elixír, eru kaupendur beðnir að líta vel eftir því, að $\frac{V.P.}{F.}$ tandi á Flöskuanum í grænu lakki, eins eftir hinu skrásetta vörumerki flöskumíðanum: Kínverji með glas í endi, og firma nafnið Valdemar Petersen, Frederekshavn, Danmark.

Leikhúskikir

nýr, mjög góður er til sölu; *vægt verð*. Ritstj. vísar á.